AUGLÝSINGASÍMAR: 680001 & 686300

RÍKISSKIP
NÚTÍMA FLUTNINGAR
Hafnarhúsinu v Tryggvagötu,
☎ 28822

NOTAÐ & nýtt
Ókeypis auglýsingar fyrir einstaklinga
PÓSTFAX
91-68-76-91

Gabriel
HÖGG-
DEYFAR
Verslið hjá fagmönnum
GS varahlutir
Hamarshöfða 1 – s. 67-67-44

LOTTÓ

Tíminn
FÖSTUDAGUR 7. JÚNÍ 1991

Varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins harður gegn verðbólgustefnu ríkisstjórnarinnar. Hrafnkell A. Jónsson:

Kemur illa við efnahag umbjóðenda minna

– Ég gæti hagsmuna minna umbjóðenda eins og mér ber skylda til sem formannni verkalýðsfélags og forystumanni í verkalýðshreyfingunni. Aðgerðir stjórnarinnar rekast á við hagsmuni launþega og þess vegna leggst ég gegn þeim, sagði Hrafnkell A. Jónsson, formaður verkalýðsfélagsins Árvakurs á Eskifirði efnislega við Tímann í gær.

Stjórn og trúnaðarmannaráð verkalýðsfélagsins sendu í gær frá sér ályktun vegna vaxtahækkananna að undanförnu og aðgerða stjórnvalda í húsnæðislánamálum. Þar segir m.a. að leggja beri áherslu á að verðlagi og vöxtum verði haldið í skefjum. Þess er krafist að nú þegar geri ríkisstjórnin ráðstafanir til þess að vextir lækki. Þá sé það skylda lífeyrissjóða að hækka ekki vexti. Jafnframt skuli sjóðirnir hefja kaup á húsbréfum með það að markmiði að afföll bréfanna lækki.

Fundurinn telur boðaðar hækkanir á opinberri þjónustu ganga þvert á markmið þjóðarsáttar. Þá krefst fundurinn að gengið verði frá nýjum sérkjarasamningum áður en gengið verður til almennra kjarasamninga.

Fundurinn leggur áherslu á að kaupmáttur launa verði hækkaður verulega með lækkun eða niðurfellingu virðisaukaskatts af brýnustu nauðsynjum. Haldið verði áfram að jafna og lækka húshitunarkostnað og skattleysismörk verði hækkuð. Fundurinn leggur til að mæta þessum útgjöldum með m.a. að skattleggja fjármagnstekjur og afnema skattaívilnanir vegna húsbréfakaupa.

Hrafnkell A. Jónsson sagði við Tímann að aðgerðir ríkisstjórnarinnar stefndu markmiðum þjóðarsáttar í hættu. Verkalýðshreyfingin hefði tekið á sig byrðar í tengslum við febrúarsamningana til þess að takast mætti að koma á efnahagslegum stöðugleika og forðast atvinnuleysi. Þess hefði verið vænst að launþegar myndu síðan njóta góðs af batnandi efnahagsástandi.

Efnahagsaðgerðir síðustu daga hlytu að draga úr líkum á því að markmið þjóðarsáttarinnar næðust og að erfiðara yrði að semja næst á svipuðum nótum og tókst síðast. Ríkisstjórnin yrði að skilja það að hún verður að fara gætilega ef takast á að gera kjarasamninga sem tryggt geta henni starfsfrið.

Hrafnkell sagði það sína skoðun að vaxtabreytingarnar orkuðu mjög tvímælis, en því væri haldið fram að þær væru skárri kostur en taka erlend lán. Hann teldi hins vegar að fyrst ríkisvaldið ákveður ekki vexti einhliða, hlyti að þurfa að opna íslenskan fjármagnsmarkað í þeim tilgangi að rjúfa einokun íslenskra banka og fjármálastofnana. Bankarnir teldu sig þurfa nú aukinn vaxtamun til að draga úr staðhæfðu tapi þeirra, en það gengi hins vegar ekki til lengdar að þeir ákvæðu sjálfir vextina — bankarnir hefðu ekki tekið virkan þátt í þjóðarsáttinni og hefðu ekki dregið úr umsvifum sínum eins og t.d. launþegar hefðu orðið að gera.




Hrafnkell A. Jónsson.

Hrafnkell gagnrýndi einnig harðlega lokun gamla húsnæðiskerfisins sem samið hefði verið við verkalýðsfélögin og lífeyrissjóði þeirra um árið 1986. Í þeim samningum hefði falist að lífeyrissjóðirnir lánuðu Byggingasjóði ríkisins. Þrátt fyrir að nú væri verið að loka þessu umsamda kerfi ætlaðist ríkisvaldið til þess að lífeyrissjóðirnir stæðu áfram að fjármögnun, en nú til allt annars kerfis en samið var um.

Hrafnkell sagði ennfremur að það væri skoðun sín að þrátt fyrir að lífeyrissjóðunum bæri skylda til að ávaxta fé félagsmanna sinna á sem hagkvæmastan hátt, þá væru á því siðferðileg takmörk. Þótt sjóðirnir gætu ávaxtað fé allbærilega með því að kaupa húsbréf með miklum afföllum, þá yrði jafnframt að gæta hagsmuna þeirra sem selja þessi bréf — kaupenda íbúðahúsnæðis sem jafnframt væru félagar launþegahreyfingarinnar. Hann kvaðst álíta að nú væru afföll af húsbréfum slík að varla væri verjandi að lífeyrissjóðirnir keyptu þau.

—sá



Josy Kraft setur upp sýningu Christos á Kjarvalsstöðum. Fyrir aftan hann má sjá uppkast að því hvernig gulu sólhlífarnar eiga að vera staðsettar.

Listamaðurinn Christo sýnir á Kjarvalsstöðum:

Pakkar inn byggingum

Verið er að setja upp sýningu á Kjarvalsstöðum á verkum nútímalistamannsins Christo. Hann er hvað þekktastur fyrir að vefja inn ýmsum hlutum, þar á meðal skýjakljúfum og stærðarinnar bryggjum.

Sagt er að Christo falli ekki inn í hefðbundið hlutverk listamannsins því hann vill ná til hins almenna rýmis og notfæra sér kraft þess í verkum sínum. Hann segir sjálfur að líta beri á verk hans sem tímabundin listaverk vegna viðkvæmra efniseiginleika þeirra sem mjög auðvelt sé að spilla.

Christo er búlgarskur að uppruna en er nú orðin bandarískur ríkisborgari. Hann verður ekki sjálfur viðstaddur sýninguna þar sem hann er að setja upp sýningar í Bandaríkjunum og í Japan. Þar ætlar hann að setja upp gular og bláar 6 metra háar sólhlífar á 18 til 25 km svæði. Þá sýningu á að opna þann 8. október. Kostnaðurinn við hana er um 30 milljónir og stendur hann undir öllum kostnaði sjálfur því hann telur utanaðkomandi stuðning hefta frelsi sitt við sköpun verkanna.

Sýningin á Kjarvalsstöðum verður opnuð laugardaginn 8. júní og er hún sögð vera listsköpun Christos frá árinu 1958 til ársins 1989. Flest verkin eru í eigu sænska milljónamæringsins Thorsteins Lilja en hann er sagður eiga um 150 verk eftir Christo.

- UÝJ

Mikil leynd hvílir yfir niðurstöðum rannsókna á lífríki Mývatns:

ER VATNIÐ AÐ DEYJA?

Sérfræðinganefnd um Mývatnsrannsóknir vinnur nú að skýrslu um niðurstöður rannsókna á áhrifum kísilnáms á lífríki vatnsins. Búist er við að hún verði tilbúin eftir einn mánuð.

Sérfræðinganefndin var sett á laggirnar með námuleyfi Kísiliðjunnar sem gefið var út 1986. Það gildir til ársins 2001.

Í námaleyfinu eru Kísiliðjunni settar ákveðnar markalínur og gert að dæla hráefni úr vatninu innan ákveðinna marka í ytri flóa fyrstu fimm árin.

Þessi takmörkun rennur út nú í árslok og þá eru Kísiliðjunni engin takmörk sett hvar dælt er úr Mývatni.

Enginn af þeim sérfræðingum sem í nefndinni eru vildu segja nokkuð um innihald skýrslunnar en forráðamenn fyrirtækisins sögðu að þegar hún kæmi út yrði þetta mál allt endurskoðað.

-SIS